

## HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði, 1. nóvember 2023

### Óveruleg breyting á greinargerð aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna íþróttasvæðis Íþ8.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann 25. október 2023

Tillagan var kynnt fyrir hagsmunaaðilum frá: 12. september – 16. október 2023

Rosmarínur  
Bæjarstjóri Hafnarfjarðar



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann: 26. nóvember 2023




Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann:

26. nóvember


2023



# HAFNARFJÖRÐUR

## Innihald

1. Inngangur.....	3
2. Forsendur og staðhættir.....	3
3. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 greinargerð....	3
4. Efni og umfang skipulagsbreytingarinnar.....	4
5. Aðalskipulagsbreytingin, viðauki.....	5
6. Kynning og samráð.....	6



## HAFNARFJÖRÐUR

### 1. Inngangur

Gerð er óveruleg breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 sem staðfest var 10. júní 2014 í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga.

Um er að ræða breytingu á skilmálum geinargerðar þar sem settur verður inn texti sem heimilar það að Suðurnesjalína 1 megi liggja í jörð á um 2 km kafla frá tengivirknu í Hamranesi til vesturs, inná íþróttasvæði Íþ8 þar sem heimilt verður að reisa strengendamastur. Samhliða verður gert ráð fyrir að færa þurfi núverandi Suðurnesjalínu til suðurs, til þess að tengja saman mannvirkin.

Þessi hluti Suðurnesjalínu 1 er ekki sýnd innan íþróttasvæðis Íþ8 á þéttbýlisupprætti aðalskipulags Hafnarfjarðar og heldur ekki á deiliskipulagi fyrir umrætt svæði.

Svæðið er innan þéttbýlis og utan verndarsvæða og er strengurinn 2 km að lengd. Því er ekki um að ræða tilkynningaskylda framkvæmd.

Breytingin telst óveruleg þar sem hún hefur ekki verulega breytingu á landnotkun í för með sér né líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði.

### 2. Forsendur og staðhættir

Ástæða þessarar breytingar er að áætlanir um tilfærslu á Ísallínum hafa falið í sér að leggja verði SN1 (sem í dag er loftlína) í streng milli Hraunhellu og Hamaness, til að koma Ísallínum fyrir í nýja legu þar.

Við nánari skoðun er fyrirséð að þrengsli við Hraunhellu leiða til þess að lengja þarf jarðstreng SN1 um ca. 300 m og enda hann vestan við skotsvæðið.

Svæðið sem um ræðir liggur á milli iðnaðarsvæða í Kapelluhrauni þar sem hraun er meira og minna raskað. Inná íþróttasvæði Íþ8 er flákar hverfisverndaðir um mun legan þræða sig á jaðri hverfisverndaða flákans.

### 3. Í kafla 2.2.25 greinagerðar aðalskipulags Hafnarfjarðar Veitur kemur m.a. fram:

#### Rafmagn

Rafmagn HS veitur sjá um dreifingu rafmagns í Hafnarfjarðar að frátöldu rafmagni til álversins í Straumsvík, sem Landsnet sér um dreifingu til. Að og frá tengivirknu við Hamranes ganga eftirtaldar línur í eigu Landsnets. 220 Kv: Hamraneslinur 1 og 2 til austurs áleiðis að Geithálsi. Þær eru báðar á sömu möstrum og flytja í dag 2/3 þess afls sem notað er í ÍSAL. Þær verða rifnar á skipulagstímabilinu, og samkvæmt samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets verður niðurrifi þeirra lokið eigi síðar en 2020. Ísallínur 1 og 2 liggja til vesturs að álverinu í Straumsvík. Þessar línur



## HAFNARFJÖRÐUR

verða fluttar á skipulagstímabilinu í nýtt línustæði frá tengivirki í Hrauntungum. Búrfellslína 3B liggur til suðausturs áleiðis að Sandskeiði. Landsnet fyrirhugar að leggja til viðbótar tvær 400 kV línur til að tengja Hamranes við Brennimel og Kolviðarhól vegna virkjana á Hellisheiði.

Með þessu er stefnt að því að auka afhendingaröryggi raforku á svæðinu og styrkja orkuflutningskerfið til að anna framtíðarflutningsþörf vegna aukinnar orkuframleiðslu, atvinnuuppbýggingar og þjónustu við dreifiveitur. M.a. hugmyndum um stóriðju á Suðurnesjum og frekari virkjanahugmyndum á svæðinu. Þessar línur verða lagðar í nýtt línustæði að tengivirkini í Hrauntungum. - 132 Kv: Suðurnesjalína 1 til vesturs að Keflavík, hún er í eigu Landsnets. Hún verður rifin á skipulagstímabilinu, og fyrirhugað er að leggja í staðinn tvær nýjar 220 kV línur nokkuð sunnan fyrirhugaðs Ofanbyggðavegar frá tengivirkini til Reykjaness. Hnoðraholtslína sem er nýkomin í eigu Landsnets liggur frá Geithálsi að tengivirkini við Hamranes og þaðan inn til Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Hluti línunnar hefur verið lagður í jarðstreng, og það er krafa Hafnarfjarðar að línan verði öll lögð í jarðstreng innan lands Hafnarfjarðar.

400 kV tengivirki verður byggt í Hrauntungum, og verður vægi tengivirkisins við Hamranes þá minnkað og verður það venjuleg spennistöð. Engar loftlínur munu í framtíðinni liggja að og frá því. HS veitir hafa fengið framkvæmdaleyfi á strenglögn frá Vatnsskarðsnámu að Krýsuvíkur-skóla.

Gert er ráð fyrir að öll mannvirki á svæðinu verði hituð upp með þeirri orku. Skilgreining: Vegir, götur og tengd mannvirki og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegi utan þéttbýlis. (gr. 6.2.13 í skipulagsreglugerð).

Þann 22. ágúst 2018 var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að breyta aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna tímabundinni færslu á Hamraneslínunum 1 og 2 og var þá gerður viðauki við greinagerð aðalskipulagsins.

Í kafla 2.2.11 um íþróttasvæði kemur m.a. fram:

### Nýtt akstursíþróttasvæði

Loks er áætlað að svæði vestan Krýsuvíkurvegar verði formlega nýtt sem akstursíþróttasvæði (Íþ8), en það hefur verið nýtt sem slíkt utan skipulags. Hluti svæðisins er hverfisverndaður í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, sjá kafla 2.2.22 HVb8, og er hverfisvernd aflétt á því og mörk hverfisverndar færð út fyrir mörk þess.


## 4. Efni og umfang aðalskipulagsbreytingarinnar

Aðalskipulagsbreyting þessi á við íþróttasvæðið Íþ8 en lega Suðurnesjalínu 1, inná Íþ8 er ekki í mannvirkjabeltinu eins og það er sýnt á aðalskipulaginu í dag. Í meðfylgjandi skýringarmynd sést hvernig jarðstrengurinn mun teygja sig inná Íþ8.




## HAFNARFJÖRÐUR

Breytingin mun því felast í að um 300 metra kafli þeirrar línu mun fara inná íþróttasvæðið í jörðu, og enda í svokölluðu strengendamastri. Legan er sýnd á meðfylgjandi skýringamynd.



### 5. Viðauki við gr. 2.2.25 er eftirfarandi:

Til þess að bregðast við fyrirhuguðum flutningi Ísallína verður gert ráð fyrir að Suðurnesjalína 1 liggi í jörð á um 2 km kafla frá tengivirkini í Hamranesi til vesturs inná íþróttasvæði Íþ8 þar sem heimilt verður að reisa strengendamastur. \*Samhliða þarf að færa til núverandi linu til þess að tenging í nýtt strengendamastur geti átt sér stað.



**HAFNARFJÖRÐUR**

## 6. Kynning og samráð

Í samráði við skipulagsstofnun mun þessi óverulega breyting á aðalskipulagi verða kynnt fyrir hagsmunaaðilum á aksturs- og skotæfingasvæðinu áður en hún er endanlega samþykkt af sveitarstjórn. Kynningin er unnin í samráði við Landsnet.

Að lokinni kynningu mun sveitarstjórn auglýsa niðurstöðu sína og senda rökstudda breytingu til Skipulagsstofnunar.

- Bætt við til samræmis við ábendingu skipulagsstofnunar dags. 16. október 2023.

	Skipulagsstofnun
Mótt.:	22 nóv. 2024
Mál nr.	2024/11096